



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/729
komudagur 14.12.2009
Selfossi, 14. desember 2009
0811001SA ÞH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SASS um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 93. mál


Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 11. desember sl., var tekið fyrir erindi frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 27. nóvember 2009, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, 93. mál.

Efirfarandi umsögn var samþykkt:

„Stjórn SASS gerir athugasemdir við að þjóðgarðurinn verði að öllu leyti undanþeginn lögum um frístundabyggð. Eðlilegra væri að tiltaka þær greinar laganna um frístundabyggð sem ekki eigi við um þjóðgarðinn. Stjórn SASS leggur jafnframt til að við 2. grein laganna verði bætt ákvæði um að fulltrúi Bláskógabyggðar fái sæti í Þingvallanefnd til viðbótar þeim 7 þingmönnum sem í henni sitja, eða til vara, fái áheyrnarfulltrúa í nefndinni. Rökin eru augljós, verkefni nefndarinnar skarast að sumu leyti á við verkefni sveitarfélagsins skv. lögum og því nauðsynlegt að fullt samráð sé á milli þessara aðila auk þess sem nauðsynlegt upplýsingaflæði væri tryggt.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

